



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Kortapjónustan hf.
b.t. Jóhannesar Inga Kolbeinssonar
Skiopholt 50b
105 Reykjavík

Reykjavík, 13. maí 2013
Tilv.: 0906022

Efni: Svar við áskorun Kortapjónustunnar um að kæra misnotkun Valitors á markaðsráðandi stöðu til lögreglu

Samkeppniseftirlitið vísar til bréfs Kortapjónustunnar, dags. 8. maí 2013, þar sem skorað er á eftirlitið að kæra til lögreglunnar misnotkun Valitors hf. á markaðsráðandi stöðu og brot gegn fyrri ákvörðun. Vísar Kortapjónustan í því sambandi til ákvörðunar nr. 8/2013, en í málinu var Valitor sektað um 500.000.000 kr. vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu og brota á fyrri ákvörðun.

Vegna þessa vill Samkeppniseftirlitið vekja athygli yðar á því að brot þau sem fyrrgreind ákvörðun tekur til varða ekki refsingu og verða því ekki kærð til lögreglu. Samkvæmt 41. gr. a. samkeppnislaga getur ólögmaett samráð hins vegar talist refsivert og kærir Samkeppniseftirlitið slík brot þegar rök standa til þess.

Rétt er að vekja athygli yðar á því að viðurlagaákvæði samkeppnislaga voru endurskoðuð með lögum nr. 52/2007, um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005. Í greinargerð með frumvarpi að þeim lögum sagði m.a. eftirfarandi:

„Það er staðreynd að misnotkun á markaðsráðandi stöðu, sbr. 11. gr. samkeppnislaga, getur haft í för með sér umtalsvert tjón fyrir samfélagið og að því standa rök til þess að misnotkun á markaðsráðandi stöðu geti varðað refsingu með sama hætti og ólögmaett samráð. Hins vegar er það talið geta valdið vandkvæðum við beitingu slíks refsíákvæðis að framkvæma getur þurft flókna hagfræðilega greiningu til að komast að raun um hvort viðkomandi fyrirtæki sé í markaðsráðandi stöðu. Þá kann í undantekningartilvikum að vera vandasamt fyrir fyrirtæki að gera sér grein fyrir því hvort það hafi markaðsráðandi stöðu í skilningi 11. gr. samkeppnislaga. Jafnframt ber að hafa í huga að í 11. gr. laganna er lagt bann við hegðun sem getur verið eðlileg og jafnvel samkeppnishvetjandi ef um er að tefla fyrirtæki sem ekki er í markaðsráðandi stöðu. Á grundvelli þessa þykir ekki ástæða til þess að leggja refsingu við misnotkun á markaðsráðandi stöðu. Er niðurstaðan í samræmi við samkeppnisrétt flestra vestrænna ríkja sem mæla fyrir um refsingar við samkeppnisbrotum, t.d. Bretland, Noreg og Bandaríkin. Þetta er hins vegar ekki algilt, en bæði í dönskum og írskum samkeppnisrétti er unnt að leggja á refsisektir



vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. Lagt til í frumvarpinu að brot gegn 11. gr. samkeppnislaga varði einungis stjórnvaldssektum. Slíkar sektir geta varðað allt að 10% af heildarveltu viðkomandi fyrirtækis og ættu því að geta skapað viðunandi varnaðaráhrif."

Samkeppniseftirlitið hefur því ekki forsendur til þess að verða við áskorun yðar um að vísa til lögreglu brotum Valitors sem rakin eru í fyrrgreindri ákvörðun nr. 8/2013.

Þar sem tilvitnað erindi yðar til Samkeppniseftirlitsins hefur verið birt opinberlega með fréttatilkynningu, mun Samkeppniseftirlitið einnig birta svar þetta á heimasíðu sinni.

Virðingarfyllt,
Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson